Fréttatilkynning frá grásleppunefnd

Landssambands smábátaeigenda (LS)

Grásleppunefnd LS leggur til að lágmarksverð á grásleppuvertíðinni 2015 verði 252 kr/kg fyrir óskorna grásleppu.

Grásleppunefnd LS vekur athygli á að sjómenn hafa búið við óviðunandi verð á undanförnum tveimur vertíðum. Það leiddi m.a. til þess að heildarframboð grásleppuhrogna minnkaði verulega.

Aðstæður á mörkuðum nú eru grásleppukörlum hagstæðar, engin óseld hrogn, birgðastaða minni en í meðalári og nettur skortur á hrognum.

Nefndin telur hóflega nálgun að því sem greitt var á vertíðunum 2010 – 2012 auka jafnvægi í þeirri stöðu sem nú ríkir á mörkuðum. Lágmarksverðið sem lagt er til er um fjórðungi lægra en meðalverð áðurnefndra vertíða.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt bendir grásleppunefnd LS á að kostnaður við veiðar og veiðarfæri hefur aukist mikið á undanförnum árum. Þá vekur nefndin athygli á að innleiðing MSC vottunar leiðir einnig til verðhækkunar.

Grásleppukarlar eru hvattir til að taka mið af ákvörðun nefndarinnar við sölu aflans.

Reykjavík 18. mars 2015

Grásleppunefnd LS

Nefndin er skipuð 7 grásleppuveiðimönnum sem kosnir eru árlega á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda.

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is